



# „Það verður þess virði að bíða aðeins eftir þessu“

● Listahátíð verður haldin ● Atriði kynnt án dagsetninga

Einar Falur Ingólfsson  
efi@mbl.is

Listahátíð í Reykjavík verður ekki aflýst heldur verður haldin í ár eins og til stóð en þó með öðru sniði en ætlað var, vegna kórónuveirufaraldursins. Það stendur því áfram til að halda með veglegum hætti upp á fimmtíu ára afmæli Listahátíðar.

Undirbúningur myndarlegrar afmælishátíðar hefur staðið yfir í nær tvö ár og átti hún að fara fram dagana 6. til 21. júní. Í tilkynningu sem barst í gær frá Listahátíð segir að samningar hafi verið gerðir við „mikinn fjölda innlendra og erlendra listamanna um glæsilega dagskrá. Nú hefur Covid-19-faraldurinn sett strík í þær áætlanir líkt og flest annað í samfélaginu“.

Þá segir að Listahátíð vilji hvorki breðast því listafólki sem samningar hafa verið gerðir við né „svíkja íslenskt samfélag um stórkostlega hátíð sem búið var að leggja svo mikið í að skipuleggja“. Fordæmalausir tímar kalli á fordæmalausar leiðir og gert hafi verið samkomulag við listafólk, samstarfsstofnanir og viðburðastaði um að birta dagskrá hátíðarinnar í heild á vefsíðu Listahátíðar í dag, föstudag, líkt og upprunalega hafi verið gert ráð fyrir. Þar mun koma fram hvaða viðburðir verða á hátíðinni í ár, hvaða listafólk stendur að baki þeim og hvar þeir verða haldnir. Hins vegar er farin sú óvenjulega leið að birta dagskrána alfarið án dagsetninga.

## Áhugasamir á póstlista

Listahátíð 2020 verður því haldin – jafnvel þótt það taki heilt ár að koma henni til skila, segir í tilkynningunni. Hver viðburður verður tímasettur þegar öruggt þykir og íslenskt samfélag verður tilbúið til



Morgunblaðið/Einar Falur

## Áhrifamikil Verðlaunaverk Feneyjatvíæringsins 2019 verður sýnt í porti Hafnarhússins. Um er að ræða óperugjöfning um loftslagsbreytingar.

þess að taka við honum. Í sumum tilfellum gæti það orðið strax í sumar en bíða þurfi lengur eftir öðrum. Á vefsíðu Listahátíðar verður hægt að skrá sig á póstlista fyrir hvern viðburð til að missa ekki af því þegar tilkynnt verður um dagsetninga.

## Gæti ekki verið stoltari

„Allt frá stofnun Listahátíðar fyrir fimmtíu árum hefur markmið hátíðarinnar verið „að efla menningar- og listalíf á Íslandi, almenningi til heilla“. Það væri sannarlega ekki almenningi til heilla að stefna stórum hópum fólks saman í júní á þessu ári,“ sagði Vigdís Jakobsdóttir, listrænn stjórnandi Listahátíðar, í gær um breytt fyrirkomulag á hátíðinni. „Það er því ljóst að við verðum að breyta fyrirætlunum okkar um tímasetningu. Það væri hins vegar heldur ekki almenningi til heilla að slá hátíðina alfarið af og því förum við þessa óvenjulegu leið – að tilkynna heildardagskrá hátíðarinnar án dagsetninga. Eftir því sem tímanum vindur fram og aðstæður skýrast munum við svo tilkynna tímasetningar viðburða,“ sagði hún.

Og Vigdís bætti við: „Ég gæti ekki verið stoltari af þeirri dagskrá sem við höfum sett saman fyrir Listahátíð í ár. Þarna mætast stórir al-

þjóðlegir listviðburðir á heimsmælikvarða og margt af því allra áhugaverðasta sem er að gerast í grasrótinni hér heima. Það verður þess virði að bíða aðeins eftir þessu!“

## Verðlaunaverk tvíæringsins

Eins og fyrirhugað hafði verið er þema Listahátíð 2020 „Heimar“. Í tilkynningunni um hið breytta fyrirkomulag segir að heimar muni svo sannarlega mætast á hátíðinni í ár. Sem dæmi er nefndur ástralskur nýsirkus, danssýning fyrir ungbörn og myndlist á heimsmælikvarða. Til að mynda verður í Hafnarhúsinu sett upp umfangsmikil sýning á verkum eftir hið fræga breska myndlistartvíeyki Gilberg & George. Þá mun Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari koma fram í Eldborgarsal Hörpu og flytja verk eftir Debussy og Rameau af nýttkominni hljómplötu sinni.

Í stjórnuveri Perlunnar verður flutt nýtt verk eftir tónskáldið Önnu Þorvaldsdóttur og Sigurð Guðjónsson myndlistarmann og þá verður porti Listasafns Reykjavíkur umbreytt í manngerða strönd þar sem hið umtalaða og áhrifamikla litháíska sigurvek Feneyjatvíæringsins í fyrra, *Sun & Sea (Marina)*, verður sýnt streitulaust tvo daga í röð.